

## AUGLÝSING

193

24. des.

### um notkun heimildar í lögum frá 20. desember 1957 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 20. desember 1957 og innheimta á árinu 1958 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum, vitagjald samkvæmt lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, lestagjald og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1957.*

Eysteinn Jónsson.

*Sigtr. Klemenztson.*

## AUGLÝSING

194

23. des.

### um innheimtu skemmtanaskatts árið 1958.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga frá 23. desember 1957 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1958. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 23. desember 1957.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Sigurður J. Briem.*

## AUGLÝSING

195

24. des.

### um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum frá 20. desember 1957, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1958 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.

- 195** c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.  
 24. des. Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

*Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

**196**  
 5. des.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs hátaútvegsins.

### 1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:  
 XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.  
 XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

### 2. gr.

Töluliðir 7, 8, 9, 10, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

7. svæði: Hafnarfjörður  
 1. janúar—15. maí  
 1. september—31. desember
8. svæði: Reykjavík  
 1. janúar—15. maí  
 1. september—31. desember
9. svæði: Akranes  
 1. janúar—15. maí  
 1. september—31. desember
10. svæði: a. Hellissandur  
 1. janúar—15. maí  
 b. Rif  
 1. janúar—15. maí  
 1. október—31. desember  
 c. Ólafsvík  
 1. janúar—15. maí  
 1. október—31. desember
15. svæði: Arnarfjörður  
 1. janúar—15. maí  
 1. október—15. desember
25. svæði: Ólafsfjörður  
 1. marz—30. nóvember
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík  
 1. apríl—15. desember
30. svæði: Vopnafjörður  
 1. júní—31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður  
 1. febrúar—31. maí  
 1. júní—30. nóvember